



Reykjavík 5. mars 2015

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni (heildarlög, EES-reglur), 504. mál.**

Samtök ferðaþjónustunnar (samtökin) hafa farið yfir frumvarp til laga um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni (heildarlög, EES-reglur), 504. mál. og hafa eftirfarandi athugasemdir.

Samtökin þakka fyrir þá takmörkuðu aðkomu sem þau höfðu að vinnu frumvarpsins en fagna því að fram sé komið heildarfrumvarp um farþegaflutninga. Sérstaklega fagna samtökin bættum skilyrðum til reksturs hópbifreiða og skýrari heimildum til eftirlits með markaðnum. Samtökin leggja hins vegar alfarið gegn boðuðum heimildum í frumvarpinu handa Samgöngustofu til að beita stjórnvaldssektum. Brot á lögnum eiga áfram að sæta rannsókn að hætti opinberra mála, ákvarðanir um beitingu refsinga eiga áfram að vera í höndum lögreglustjóra eða dómstóla ef ákæra er gefin út vegna alvarleika málsins.

Samtökin telja að þrátt fyrir marga jákvæða þætti beri frumvarpið með sér að vera sniðið að þörfum einkaréttahafa almenningssamgangna, eins og III kafli frumvarpsins um *Framkvæmd almenningssamgangna sveitarfélaga*, ber með sér. Skilyrði til að stunda akstur í ferðaþjónustu er að mestu háður skilyrðum einkaréttahafa. Samtökin eru sannarlega fylgjandi jákvæðri þróun almenningssamgangna innan svæða sveitarfélaga og eru þess fullviss að akstur almenningssvagna geti vel farið saman við akstur í þágu ferðaþjónustu. Samtökin fara fram á að gildissvið frumvarpsins samræmist að fullu EB reglugerð 1370/2007 þannig að almennir farþegaflutningar sem einkum eru starfræktir vegna skoðunar á sögufrægum stöðum eða á forsendum ferðaþjónustu falli alfarið utan gildissviðs einkaréttar en í greinargerð frumvarpsins má skilja að svo sé ekki. Reglubundnar og skipulagðar ferðir í ferðaþjónustu eru með talsvert öðru sniði en ferðir með almenningssvögnum og fela í sér aukna þjónustu s.s. leiðsögn, lengri viðkomu á viðkomustöðum, þjónustu við flugfarþega o.fl. Því er ástæðulaust að takmarka starfsumhverfi farþegaflutninga í ferðaþjónustu með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir og á takmörkun af þessu tagi sér ekki hliðstæðu í nágrannalöndum okkar.

Samtökin vekja einnig athygli á álitum samkeppniseftirlitsins frá 14. júní 2013 um útboð Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum á áætlunarleiðinni milli Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Reykjavíkur á grundvelli einkaleyfis. Í álitinu er því beint til innanríkisráðherra að beita sér fyrir breytingum á ákvæðum laga nr. 73/2001 um fólksflutninga og farmflutninga á landi með hliðsjón af samkeppnissjónarmiðum og tryggja að framkvæmd nýrra laga raski ekki samkeppni á sviði fólksflutninga hér á landi. Þar sé m.a. mikilvægt að hafa í huga eftirfarandi atriði:

- 1. Gildissvið einkaréttar til reglubundinna fólksflutninga verði takmarkað við almenningssamgöngur en tekin verði af öll tvímæli um að fólksflutningar í þágu ferðaþjónustu verði undanþegnir einkarétti samkvæmt lögnum.***
- 2. Einkaréttur til reglubundinna fólksflutninga í skilningi almenningssamgangna verði eingöngu veittur að undangengnu kostnaðar- og samkeppnismati þar sem tekið verði tillit til sannanlegrar nauðsynjar á opinberum fjárframlögum á hverri tiltekinni áætlunarleið fyrir sig.***

**3. Tryggt verði að samkeppni fái að halda sér á þeim áætlunarleiðum þar sem hún er nú þegar til staðar, t.d. á leiðinni milli Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Reykjavíkur.**

Samtökin vekja athygli á að í kafla greinargerðar um umhverfissjónarmið kemur eftirfarandi fram „*Umhverfissjónarmið eru einnig til grundvallar þeirri breytingu að rekstraraðilum er nú gert kleift að nota smærri farartæki, þ.e. ætluð færri en átta farþegum, í almenningssamgöngum*“ . Samtökin fara fram á að sama eigi við um þá sem stunda sérstaka reglubundna farþegaflutninga enda eru þeir að starfa við sömu aðstæður og almenningsvagnar.

Samtökin leggja til að styttri ferðir eins og flutningur viðskiptavina bílaleigufyrirtækja falli undir skilgreiningu á farþegaflutningum í eigin þágu enda er um að ræða akstur sem er liður í annarri þjónustu eins og á við um bílaverkstæði, sem falla undir skilgreininguna skv. greinargerð með frumvarpinu.

Eftirfarandi eru athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins:

**2. gr.**

Samtökin benda á ofangreinda umfjöllun um gildissvið laganna og fara fram á að almennir farþegaflutningar sem einkum eru starfræktir vegna skoðunar á sögufrægum stöðum eða á forsendum ferðaþjónustu falli utan gildissviðs einkaréttar.

**3. gr.**

Samtökin leggja til eftirfarandi breytingar á skilgreiningum:

**3. Ferðamannastaður: Staður sem er vinsæll viðkomustaður ferðamanna þar sem þjónusta á staðnum tekur mið af þörfum ferðamanna.**

- Samtökin telja að skilgreining sem lögð er til í frumvarpinu sé of þröng og til þess fallin að gera túlkun laganna óskýra. Samtökin leggja til að skilgreiningin verði rýmkuð.

**9. Hópferðir: Aðrir farþegaflutningar en þeir sem tilgreindir eru í 13. og 15. tölul. þar sem farþegahópurinn er myndaður fyrir fram eða áfangastaður ferðar er ferðamannastaður, flugstöð eða annar áfangastaður utan biðstöðva reglubundinna farþegaflutninga.**

- Umræðan um frumvarpið hefur einkennst af umfjöllun um einkarétt og hinni svokölluðu „flugrútu“ sem í dag er rekin í samkeppni neytendum til góðs. Samtökin telja nauðsynlegt í ljósi reynslunnar að skýrt sé kveðið á um að hópferðir geti átt viðkomustað á flugstöð og öðrum stöðum sem tengjast ferðaþjónustu. Einstök sveitarfélög eða sambönd sveitarfélaga geti ekki reynt að hindra ferðaþjónustuaðila í að veita ferðamönnum og farþegum þjónustu á grundvelli einkaréttar síns til að sinna almenningssamgöngum.

**17. Þjónustustaður:**

- Samtökin leggja til að skilgreining á þjónustustað verði felld brott. Þjónustustaður fellur undir tillögu SAF að ferðamannastað og gerir túlkun laganna einfaldari.

**12. gr.**

Samtökin leggja til að leyfi verði ótímabundin í samræmi við tillögur um einföldun regluverks og gert er ráð fyrir í frumvarpi til laga um leigu skráningarskyldra ökutækja. Samtökin leggja einnig til að leyfi séu númeruð til að einfalda eftirlit.

**14. gr.**

Samtökin eru ekki með efnislegar athugasemdir við ákvæði um einkarétt en benda á það sem áður hefur komið fram um að almennir farþegaflutningar sem einkum eru starfræktir vegna skoðunar á sögufrægum stöðum eða á forsendum ferðaþjónustu falli utan gildissviðs einkaréttar

**17. gr.**

Samtökin fagna ákvæðum um hópferðir en ákvæðin eru til þess fallin að milda áhrif einkaréttahafta á farþegaflutninga sem einkum eru starfræktir á forsendum ferðaþjónustu.

**31. gr.**

Samtökin fagna því að mögulegt sé að nota minni farartæki í ferðaþjónustu með ákveðnum skilyrðum. Samtökin fara fram á að takmörk á ferðatíma verði engin og að frekar sé miðað við að ekki sé um einstakar ferðir á milli staða að ræða.

**34. gr.**

Samtökin leggja til að gæða og tækniröfur verði samræmdar Vakanum, gæðakerfi Ferðamálastofu og að aðalskoðun taki tillit til þess.

**61. gr.**

Samtökin ítreka að þau mótmæla harðlega áformum sem lögð eru til í frumvarpinu um stjórnvaldssektir enda eiga slíkar heimildir að vera eingöngu á hendi lögreglu og dómstóla vegna þess rekstrar sem hér um ræðir.

Samtökin benda á að umhverfi í rekstri hópþreifðafyrirtækja hefur breyst umtalsvert með vaxandi fjölda ferðamanna. Tækifæri á sviði farþegaflutninga í ferðaþjónustu eru æði mörg og nauðsynlegt að þau fái að þróast án íhlutunar einkaréttahafta og stjórnvalda. Þrátt fyrir nokkra annmarka sem sníða þarf af fyrirliggjandi frumvarpi fagna samtökin því að hér sé stigið fyrsta skrefið í þá átt að gera rekstrarumhverfi farþegaflutninga faglegra.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari umsögn um frumvarpið á seinni stigum

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson